


Norðurlandamótið í Karate



NM '94



REYKJAVÍK



Reykjavík
29. október 1994

Efnisyfirlit

Mótstjórn NM 94	2
Uppsveifla í Karateíþróttinni !	3
Íslenska landsliðið í karate	6
Landslið.	12
Dómarar og fl.	13
Skipulag á mótssvæði	16
Dagskrá NM 94	17
Kata	18
Kumite	18
Keppnisflokkar	18
Keppnisreglur KAI	22
Styrktaraðilar	27

Mótstjórn NM 94

Mótstjóri Karl Gauti Hjaltason
Bjarni Ásmundsson
Tryggvi Erlingsson
Hönnun á Logo mótsins Gunnar Júlíusson

Auk þess viljum við þakka öllum sem aðstoðuðu við að halda NM 94,
starfsmönnum, seljendum auglýsinga og fl.

Uppsveifla í Karateíþróttinni !

Karate á Íslandi á sér nú 20 - 22 ára sögu. Strax upp úr 1970 var byrjað að iðka þessa austurlensku íþrótt hérlandis, en það var ekki fyrr en 1972 sem frumkvöðull karate á Íslandi, Reynir Santos, filippínskur karate-maður, hóf reglulega karatekennslu í Reykjavík. Í september 1973 var fyrsta karatefélagið stofnað; Karatefélag Reykjavíkur, síðan Karatefélag Íslands (nú Karatefélagið Þórs-hamar), Karatefélag Akureyrar og Karatefélag Vestmanna-eyja.

Til allrar hamingju fyrir þróun karate á Íslandi hafa ekki nema fáir stílar eða stílafríggðir borist hingað til lands, en aragrúi þeirra fyrirfinnst vítt og breytt um heiminn. Fólksfæð og dreifbýli myndi líklega hamla gegn þróun karate ef fleiri stílafríggðir myndu berast hingað.

Uppúr 1980 komst mikill skriður á uppgang karateíþróttarinnar hérlandis, eftir lægð í nokkur ár. Karatefélög og

deildir spruttu upp eins og gorkúlur og er nú svo komið að félögin eru á milli 10 og 14. Karate er æft á 6-8 stöðum á Reykjavíkursvæðinu og 4-6 stöðum á landsbyggðinni, flest á Suðurlandi. Það var því löngu tímabært 1985 að stofna Karatesamband Íslands (KAI), þann



28. febrúar það ár. Karateiðkendur hérlandis eru nú lauslega áætlaðir um 1500 talsins og er það um 0.6% af þjóðinni. Í Evrópu eru sambærilegar tölur yfirleitt um 0.1 - 0.3% (Þýskaland og Norðurlöndin). Þá hefur uppgangur karate sums staðar úti á landi oft verið ævintýrlegur og náð 4 - 8% af íbúatölu staðarins um tíma.

SÓL hf



Íslensku karatefélagin hafa frá upphafi reynt að fá hingað til lands færustu þjálfara til kennslu og hafa sumir þeirra verið heimskunnir þjálfarar s.s. Masaoe Kawasoe 7. dan, Ingo De Jong 6. dan, George Andrew 6. dan og Frans Bork 5. dan. Engin vafi er á því að slíkar heimsóknir eru nauðsynlegar til þess að viðhalda og bæta kunnáttu íslenskra karateíðkenda.

Um 1982 efdist samstarf karatefélaganna og áhugi jókst fyrir þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Um haustið fóru síðan fyrstu keppendurnir frá Íslandi á NM í Finnlandi. Það voru þeir Atli Erlendsson, Árni Einarsson og Ólafur Wallevik og náði Ólafur þar þeim ágæta árangri að krækja sér í bronsverðlaun í sínum þyngdarflokki. Ísinn var brotinn og næsta ár var sent lið á NM í Ósló. Fljótlega urðum við þess varir að Norðurlöndin eru stórbjóðir í heimi karateíþróttarinnar. Öll hafa þau komist

ofarlega á bæði Evrópumótum og Heimsmeistaramótum og eignast meistara.

1984 var Karatenefnd Íslands stofnuð og Ólafur Wallevik ráðinn landsliðsþjálfari. Enn var haldið á NM, nú í Karlstad í Svíþjóð og þar hlaut Atli Erlendsson bronsverðlaun í sínum þyngdarflokki. Á EM í Ósló 1985 náði Árni Einarsson 10. sæti í Kata og var það stórkostlegur árangur, einnig ef borið er saman við aðrar íþróttagreinar.

Haustið 1985 var komið að okkur að halda NM og var það fyrsta stórmótið sem við skipulögðum og tókst það með miklum ágætum, ekki síst vegna þess að þar hrepptum við eitt silfur og þrjú brons. Á NM 1987 hrepptu Árni og Jónína Olesen bæði silfur í kumite auk þess sem Jónína náði bronsi í kata. NM 1989 fór fram í Reykjavík og verður þess móts ætíð minnst fyrir það að á

Því móti eignuðumst við fyrsta Norðurlandameistarann, Halldór Svavarsson, sem sigraði í sínum þyngdarflokki í kumite, auk þess hlaut Jónína silfur í kata, en Ísland náði auk þess þrennum öðrum verðlaunum.

Á næstu Norðurlandamótum er greinilegt að íslenska liðið var í lægð. Á NM 1990 í Kaupmannahöfn, 1991 í Tampere, 1992 í Ósló og 1993 í Vesterås náðum við einungis 4 bronsverðlaunum, Halldór hlýtur brons í sínum þyngdarflokki 1991 og 1992, Jónína fær brons í kata 1992 og Konráð Stefánsson hlýtur brons í sínum þyngdarflokki 1993.

Þess er þó að gæta í þessu sambandi að á þessu ári og því síðasta hafa íslenskir keppendur verið að sækja í sig veðrið á opnum mótum í Danmörku, Svíþjóð og í Hollandi. Þar

hafa komist á verðlaunapallana, þau Hjalti Ólafsson, Halldór Svavarsson, Karl Viggó Vigfússon og Jónína Olesen, og vekur það vonir um áframhaldandi uppsveiflu á NM 1994.

Landsliðsþjálfarinn, Ólafur Wallevik, hefur keyrt landsliðið áfram með stöðugum æfingum síðustu misseri, sem hafa náð hámarki síðustu tvo mánuði. En nú er komið að því að fylgjast með NM 1994 sem fram fer hér í Reykjavík. Ég vona að það fari vel fram og vil ég í því sambandi þakka starfsfólki og öllum þeim sem unnið hafa að undirbúningi mótsins. Erlenda gesti, keppendur og áhorfendur býð ég velkomna.

Með Karatekveðjum
Karl Gauti Hjaltason
formaður KAI.

ORACLE®



þar sem upplýsingar
skipta máli

Íslenska landsliðið í karate



Dr. Ing. Ólafur Wallevik Þjálfari

Aldur: 36 ára.
Starf: Verkfræðingur.
Gráða: 3 DAN.
Önnur áhugamál: Tónlist, kvikmyndagerð og vísindi.
Helsti árangur: 1 sæti Trondheim Cup 1978-1979.
3 sæti NM 1982, fyrsta skipti sem Ísland tók þátt.



Jón Ívar Einarsson

Landsliðslæknir, yfirlæknir mótsins.
Fyrrum landsliðsmaður í karate.



Halldór Svavarsson

Liðsstjóri íslenska landsliðsins
Aldur: 28 ára.
Starf: Verkfræðingur.
Gráða: 2 DAN.
Keppnisflokkar: -65 kg. kumite karla.
Opin flokkur kumite karla.
Sveitakeppni.
Önnur áhugamál: Flugmótel.
Hjúskapur: Giftur.
Helsti árangur: 8 ÍM titlar,
3 sæti NM '92,
3 sæti NM '91,
1 sæti NM '89.

1



Ásmundur Ísak Jónsson

11

Aldur: 28 ára.
 Starf: Flugumferðarstjóri.
 Gráða: 2 DAN.
 Keppnisflokkar: Kata karla.
 Önnur áhugamál: Flug, skotvopn og skotveiði.
 Hjúskapur: Einhleypur.
 Helsti árangur: 14 ÍM titlar í KATA.



Edda Blöndal

15

Aldur: 18 ára.
 Starf: Nemi í MR.
 Gráða: 4 Kyu.
 Keppnisflokkar: + 60 kg. kumite kvenna,
 Opin flokkur kumite kvenna,
 Sveitakeppni.
 Önnur áhugamál: Kvikmyndir, fimleikar, tónlist og
 góður félagsskapur.
 Hjúskapur: Einhleyp.
 Helsti árangur: 2 ÍM titlar '94,
 3 sæti ÍM '94 KATA,
 3 sæti ÍM '93



Eydís Lindal Finnbogadóttir

16

Aldur: 23 ára.
 Starf: Nemi í HÍ.
 Gráða: 5 Kyu.
 Keppnisflokkar: -60 kg. kumite kvenna,
 Sveitakeppni.
 Önnur áhugamál: Útilega, skátar og bílasport.
 Hjúskapur: Trúlofuð.
 Helsti árangur: 1 ÍM titill.



Gunnar Júlíusson

5

Aldur: 27 ára.
Starf: Grafískur hönnuður.
Gráða: 3 Kyu.
Keppnisflokkar: +80 kg. kumite karla,
Sveitakeppni.
Önnur áhugamál: Tölvugrafík, hönnun og
sjálfsvörn.
Hjúskapur: Trúlofaður.
Helsti árangur: 2 ÍM titlar.



Gunnlaugur Sigurðsson

8

Aldur: 21 árs.
Starf: Verkamaður.
Gráða: 1 DAN
Keppnisflokkar: -60 kg. kumite karla.
Önnur áhugamál: Korfubolti og handbolti.
Hjúskapur: Trúlofaður.
Helsti árangur: 2 ÍM titlar.



Halldór Magnússon

9

Aldur: 18 ára.
Starf: Nemi í VÍ.
Gráða: 4 Kyu.
Keppnisflokkar: -65 kg. kumite karla.
Önnur áhugamál: Handbolti.
Hjúskapur: Einhleypur.
Helsti árangur: 2 ÍM titlar.

6**Helgi Jóhannesson**

Aldur: 27 ára.
 Starf: Viðskiptafræðingur.
 Gráða: 1 DAN.
 Keppnisflokkar: -80 kg. kumite karla,
 Sveitakeppni.
 Önnur áhugamál: Bókmenntir og kvikmyndir.
 Hjúskapur: Einhleypur.
 Helsti árangur: 2 sæti NM '89.
 5 ÍM titlar.

2**Hjalti Ólafsson**

Aldur: 22 ára.
 Starf: Trésmiður.
 Gráða: 2 Kyu.
 Keppnisflokkar: -80 kg. kumite karla,
 Opinn flokkur kumite karla,
 Sveitakeppni.
 Önnur áhugamál: Kvenfólk og nælonsokkabuxur.
 Hjúskapur: Einhleypur.
 Helsti árangur: 2 sæti SO '94 (opinn flokkur),
 3 sæti SO '94 (þyngdarflokkur),
 5 sæti Opna hollenska,
 4 ÍM titlar.

17**Inga Skúladóttir**

Aldur: 18 ára.
 Starf: Nemi í MS.
 Gráða: 5 Kyu.
 Keppnisflokkar: +60 kg. kumite kvenna,
 Sveitakeppni.
 Önnur áhugamál: Skíði, vinir og tónlist.
 Hjúskapur: Einhleyp.
 Helsti árangur: 2 sæti ÍM,
 3x3 sæti ÍM.



Jón Ingi Þorvaldsson

3

Aldur: 23 ára.
Starf: Nemi í HÍ, tónlistamaður.
Gráða: 2 Kyu.
Keppnisflokkar: -70 kg. kumite karla,
Sveitakeppni.
Önnur áhugamál: Tónlist og kvikmyndir.
Hjúskapur: Einhleypur.
Helsti árangur: 2 ÍM titlar.



Jónína Olesen

14

Aldur: 31 árs.
Starf: Móðir.
Gráða: 2 DAN.
Keppnisflokkar: -60 kg. kumite kvenna,
Opin flokkur kumite kvenna,
Sveitakeppni.
Önnur áhugamál: Ferðalög, listir og vera í mjúkum
fjölskylduþæmi.
Hjúskapur: Gift.
Helsti árangur: 2 & 3 sæti Opna hollenska,
2x2 sæti Opna danska,
5 sæti EM,
2x2 sæti og 3x3 sæti NM,
14 ÍM titlar



Karl Viggó Vigfússon

4

Aldur: 22 ára.
Starf: Bakari.
Gráða: 1 DAN.
Keppnisflokkar: -75 kg. kumite karla,
Sveitakeppni.
Önnur áhugamál: Lifa lifinu lifandi.
Hjúskapur: Trúlofaður.
Helsti árangur: 3 sæti Opna danska,
ÍM titlar.

7**Konráð Stefánsson**

Aldur: 37 ára.
Starf: Matreiðslumeistari.
Gráða: 2 DAN.
Keppnisflokkar: -75 kg. kumite karla,
Sveitakeppni.
Önnur áhugamál: Rjúpu-, Hreindýra-, Gæsa-,
Hrefnuveiðar
Hjúskapur: Giftur.
Helsti árangur: 2x3 sæti NM,
12 ÍM titlar.

10**Kristján Guðjónsson**

Aldur: 15 ára.
Starf: Nemi.
Gráða: 1 Kyu.
Keppnisflokkar: Kata karla.
Önnur áhugamál: Tónlist.
Hjúskapur: Einhleypur.
Helsti árangur: 4 ÍM titlar unglinga.

12**Ólafur H. Nielsen**

Aldur: 17 ára.
Starf: Nemi í MH.
Gráða: 5 Kyu.
Keppnisflokkar: -70 kg. kumite karla.
Önnur áhugamál: Stórar stelpur, tónlist, kvikmyndir
og hárgreiðsla.
Hjúskapur: Einhleypur.
Helsti árangur:

Landslið.

Nafn	Helsti árangur Sæti mót	Ár	Nafn	Helsti árangur Sæti mót	Ár
Landslið Finnlands.					
20 Ritva Rissanen			28 Jussi Keskinen	2 EM team	1993
22 Taru Tuulijärvi			29 Petri Toivanen	3 FO	1994
23 Marianne Tarva	1 NM	1993	32 Maija Ijäs	1 FO	1994
	2 NM	1993		2X1 NM	1993
24 Sampo Kettunen	2 EM jun	1994	33 Sari Laine	1 EM	1994
	2 NM	1993	34 Olli Ortiz	1 FM	1994
25 Harri Pakarinen	3 Dutch	1994	35 Tero Jauhiainen	1 FM	1994
	3 NM	1993	36 Sami Tiainen	2 EM team	1993
26 Mika Nieminen	2 EM team	1993		1 NM	1993
27 Mikko Routsalainen	2 EM team	1993	37 Kim Waenerberg	1 FO	1994
Sveit karla og kvenna	2 NM	1993			

Landslið Noregs.

40 Kristbjørg Larsen			50 Linn Langdalen		
41 Svein E. Sandlien			51 Anders Blomberg		
42 Tone Lauritzen			46 Janne Jacobsen	1 NM	1993
43 Stein Rønning	1 HM	1990	47 Stian Oldebråthen	2 SO	1994
44 Mads Kopperud			48 Jørn Ove Hansen	2 HM	1990
45 Jarle Sorken	2 EM	1990			
Sveit karla	3 NM	1993			

Landslið Svíþjóðar.

60 Anette Nilson	2 NM	1993	61 Paul Kee	1 NM	1985-1993
62 Annika Eriksson			65 Karin Olsson	1 NM	1993
63 Resa Mohseni	2 NM	1993	66 Gabriel Berg	1 NM	1993
64 Sacha Petrovic	1 NM	1993			
Sveit karla og kvenna	1 NM	1993			

HM :	Heimsmeistaramót	EM team :	Evrópumeistaramót sveitakeppni
EM :	Evrópumeistaramót	EM jun :	Evrópumeistaramót juniora
Dutch :	Opna þýska	SO :	Opna sænska
FO :	Opna finnska	FM :	Finnska meistaramótið

Dómarar og fl.

Dómarar

Ted Hedlund		SVÍ	EKU	Chief Referee Nordic
Kjell Sivertssen		NOR	EKU	
Javier Escalante		SVÍ	EKU	
Bjarni Ásmundsson	ÍSL	Stefán Alfreðsson	ÍSL	
Ólafur Hreinsson	ÍSL	Leslie Jensen	SVÍ	
Milo Bajaktari	SVÍ	Kent Rantsow	SVÍ	
Bengt Nyholm	FIN	Timo Zwegyberg	FIN	
Jussi Liimatainen	FIN	Robert Hamara	NOR	

Þjálfarar

Ísland	Ólafur Wallevik	
Finnland	Hannu Hakala	Erik Piispa
Svíþjóð	Niklas Hansson	
Norgegur	Kjell Jacobsen	Øistein Riber

Tengiliðir:

Ísland	Guðlaugur Egilsson
Finnland	Gerður Ísberg
Svíþjóð	Sara Bjargardóttir
Noregur	Herwig Syen



Norðurlandamótið 1994.

Flokksstjórar:

Tryggvi Erlingsson	Kynnir
Kári Rafn Rafnsson	Fjölmíðlatengsl
Margrét Friðriksdóttir	Ritari-aðalborð
Viðar Geirsson	Tölvari
Kristína R. Bergman	Ritari-völlur A
Ingólfur Snorrason	Ritari-Völlur B
Dýrleyf Bjarnadóttir	Verðlaunastjóri

Tengiliðir fjölmiðla:

Rósa Katrín
Geir Sigurðsson

Aðrir starfsmenn:

Agnar Stefánsson	Agnes B. Birgisdóttir
Arna Óskarsdóttir	Árni Ambroise Ibsen
Davíð Bergman	Dominique Ambroise
Eiríkur Jónsson	Erlingur Tryggvason
Fjóla Þorgeirsdóttir	Gunnþóra Steingrímsdóttir
Herdís Magnúsdóttir	Jón Einarsson
Jóna Briet Guðjónsdóttir	Kristinn
Pálína Gunnarsdóttir	Sigrún Friðriksdóttir
Sigurður Magnússon	Sólveig Krista Einarsdóttir
Þórir Ibsen	

Blaðamenn

FINNLANDI	Kari Koskinen	
Morgunblaðið:	Stefán Eiríksson	Valur Jónatansson
DV:	Stefán Kristjánsson	Jón Kristján Sigurðsson
RÚV:	Samúel Örn Erlingsson	Ingólfur Hannesson
	Amar Björnsson	Gunnlaugur Þór Pállson

TRAUSTUR

Nýr flugfloti, millilanda og innanlands, er gott dæmi um viðleitni okkar

til að auka öryggi farþega. Stundvísí og úrvalsþjónusta

í lofti og á jörðu niðri eru líka aðalsmerki okkar.

ÍSLENSKUR

Við tökum á móti þér um borð í millilandaþotum og Fokker 50.

Við beilsum þér á glæsilegum hótelum, Scandic Hótel Loftleiðum og Scandic

Hótel Esju, og nýir og traustir bílar bíða þín hjá Bílaleigu Flugleida-Hertz.

FERÐAFÉLAGI


Flugleiðir eru félag fólks sem vill þjóna fólki

FLUGLEIÐIR 

Skipulag á mótssvæði

9	Svíþjóð
	Ísland
	Finland
	Ísrael
9	Deismólk

- 1: Aðalsjórn
- 2: Völlur B, 3 starfsmenn
- 3: Völlur A, 3 starfsmenn
- 5: Fjólubúð
- 6: Stjórnvaldsmyndavélar
- 7: Vinnugjölding
- 8: Auglýsingar
- 9: Svæði landslúða
- 10: Bíllar
- 11: Verðlaunafreinding



Aþerferdasvæði

Dagskrá NM 94

Undanúrslit

Kl:	Völlur A	Völlur B
10:00	Sveitakeppni karla	Sveitakeppni kvenna
10:05	ÍSLAND-FINNLAND	ÍSLAND-FINNLAND
10:25		ÍSLAND-NOREGUR
10:35	NOREGUR-FINNLAND	
10:40		Hlé
11:10	KATA	Hlé
11:15	Kata kvenna	Hlé
11:40	Kata karla	Hlé
12:00	KUMITE	KUMITE
	Karlar -65 kg.	Konur -60 kg.
12:15	Karlar -70 kg.	
12:20		Konur +60 kg.
12:30	Karlar -75 kg.	Karlar -80 kg.
12:45	Ippon kvenna	
12:50		Karlar +80
13:05		Hlé
13:10	Ippon karla	Hlé
13:30	Hlé	Hlé

15:00

Mótssetning

Ávarp Ellert Schram forseti ÍSÍ

Úrslit á velli A

15:20	Kata kvenna	17:05	Kumite karla -60 kg.
15:35	Kata karla	17:15	Kumite karla -65 kg.
15:50	Sýning,	17:25	Kumite karla -70 kg.
	Magnús Scheving	17:35	Kumite karla -75 kg.
16:00	Sveitakeppni kvenna	17:45	Kumite karla -80 kg.
	NOREGUR-FINNLAND	17:55	Kumite karla +80 kg.
16:20	Kumite kvenna -53 kg.	18:10	Opinn Ippon kvenna
16:30	Kumite kvenna -60 kg.	18:20	Opinn Ippon karla
16:40	Kumite kvenna +60 kg.	18:40	Mótsslit
16:50	Sveitakeppni karla		
	ÍSLAND-NOREGUR	21:00-23:00	Tunglið disco,
			free entrance.

Keppnisflokkar

Kata

Númer	Nafn	Land	Sæti	Helsti árangur Mót	Ár
-------	------	------	------	-----------------------	----

Kvenna

20	4 Ritva Rissanen	FIN			
60	1 Anette Nilson	SVÍ	2	NM	1993
40	2 Kristbjörg Larsen	NOR			
50	3 Linn Langdalen	NOR			

Karla

61	1 Paul Kee	SVÍ	1	NM	1985-1993
41	2 Svein E. Sandlien	NOR			
51	4 Anders Blomberg	NOR			
11	3 Ásmundur Ísak Jónsson	ÍSL	14	ÍM titlar	
10	5 Kristján Guðjónsson	ÍSL	4	ÍM titlar unglinga	

Kumite

Konur -53 kg

33	Sari Laine	FIN	1	EM	1994
22	Taru Tuulijärvi	FIN			

Konur -60 kg

32	Maija Ijäs	FIN	1	FO	1994
23	Marianne Tarva	FIN	1	NM	1993
62	Annika Eriksson	SVÍ			
42	Tone Lauritzen	NOR			
14	Jónína Olesen	ÍSL	14	ÍM titlar	
16	Eydis Lindal Finnbogadóttir	ÍSL	1	ÍM titill	

Konur +60 kg

65	Karin Olsson	SVÍ	1	NM	1993
46	Janne Jacobsen	NOR	3	NM	1993
15	Edda Blöndal	ÍSL	1	ÍM	1994
17	Inga Skúladóttir	ÍSL	2	ÍM	

Opinn Ippon kvenna

62	Annika Eriksson	SVÍ			
65	Karin Olsson	SVÍ	1	NM	1993
42	Tone Lauritzen	NOR			
46	Janne Jacobsen	NOR	3	NM	1993
33	Sari Laine	FIN	1	EM	1994
32	Maija Ijäs	FIN	1	FO	1994
15	Edda Blöndal	ÍSL	1	ÍM	1994
14	Jónína Olesen	ÍSL	14	ÍM titlar	

Karlar -60 kg

29	Petri Toivanen	FIN	3	FO	1994
8	Gunnlaugur Sigurðsson	ÍSL	2	ÍM titlar	

Karlar -65 kg

24	Sampo Kettunen	FIN	2	EM jun	1994
34	Olli Ortiz	FIN	1	FM	1994
43	Stein Rønning	NOR	1	HM	1990
1	Halldór Svavarsson	ÍSL	3	NM	1991
9	Halldór Magnússon	ÍSL	2	ÍM titlar	

Karlar -70 kg

25	Harri Pakarinen	FIN	3	Dutch	1994
35	Tero Jauhainen	FIN	1	FM	1994
47	Stian Oldebråthen	NOR	2	SO	1994
12	Ólafur H. Nielsen	ÍSL			
3	Jón Ingi Þorvaldsson	ÍSL	2	ÍM titlar	

Norðurlandamótið 1994.

Karlar -75 kg

26	Mika Nieminen	FIN	2	EM team	1993
63	Resa Mohseni	SVÍ	2	NM	1993
44	Mads Kopperud	NOR			
4	Karl Viggó Vigfússon	ÍSL	3	Opna danska	
7	Konráð Stefánsson	ÍSL	12	ÍM titlar	

Karlar -80 kg

36	Sami Tiainen	FIN	2	EM team	1993
27	Mikko Routsalainen	FIN	2	EM team	1993
66	Gabriel Berg	SVÍ	1	NM	1993
48	Jørn Ove Hansen	NOR	2	HM	1990
2	Hjalti Ólafsson	ÍSL	2	SO	1994
6	Helgi Jóhannesson	ÍSL	2	NM	1989

Karlar +80 kg

37	Kim Waenerberg	FIN	1	FO	1994
28	Jussi Keskinen	FIN	2	EM team	1993
45	Jarle Sorken	NOR	2	EM	1990
64	Sacha Petrovic	SVÍ	1	NM	1993
5	Gunnar Júlíusson	ÍSL	2	ÍM titlar	

Opinn Ippon karla

27	Mikko Routsalainen	FIN	2	EM team	1993
36	Sami Tiainen	FIN	2	EM team	1993
64	Sacha Petrovic	SVÍ	1	NM	1993
45	Jarle Sorken	NOR	2	EM	1990
48	Jørn Ove Hansen	NOR	2	HM	1990
1	Halldór Svavarsson	ÍSL	3	NM	1991
2	Hjalti Ólafsson	ÍSL	2	SO	1994

Sveitakeppni kvenna

FIN

33	Sari Laine	FIN	1	EM	1994
22	Taru Tuulijärvi	FIN			
32	Maija Ijäs	FIN	1	FO	1994
23	Marianne Tarva	FIN	1	NM	1993

NOR

42	Tone Lauritzen	NOR			
46	Janne Jacobsen	NOR	3	NM	1993

ÍSL

14	Jónína Olesen	ÍSL	14	ÍM titlar	
15	Edda Blöndal	ÍSL	1	ÍM	1994
16	Eydís Lindal Finnbogadóttir	ÍSL	1	ÍM titill	
17	Ingi Skúladóttir	ÍSL	2	ÍM titlar	

Sveitakeppni karla

ÍSL

1	Halldór Svavarsson	ÍSL	3	NM 1991	
2	Hjalti Ólafsson	ÍSL	2	SO	1994
4	Karl Viggó Vigfússon	ÍSL	3	Opna danska	
7	Konráð Stefánsson	ÍSL	12	ÍM titlar	
6	Helgi Jóhannesson	ÍSL	2	NM	1989
3	Jón Ingi Þorvaldsson	ÍSL	2	ÍM titlar	
5	Gunnar Júlíusson	ÍSL	2	ÍM titlar	

FIN

34	Olli Ortiz	FIN	1	FM	1994
36	Sami Tiainen	FIN	2	EM team	1993
27	Mikko Routsalainen	FIN	2	EM team	1993
37	Kim Waenerberg	FIN	1	FO	1994
28	Jussi Keskinen	FIN	2	EM team	1993

NOR

43	Stein Rønning	NOR	1	HM	1990
44	Mads Kopperud	NOR			
48	Jørn Ove Hansen	NOR	2	HM	1990
45	Jarle Sorken	NOR	2	EM	1990

Keppnisreglur KAI

Stigagjöf Kumite

1. Keppendur geta fengið heilt stig, IPPON, eða hálf t stig, WAZA-ARI, fyrir árásartækni (athugið að oftast nær eru stigin þó sýnd sem 2 stig og 1 stig á ritaraborðum). Keppni vinnst með því að keppandi fær 3 IPPON,


6 WAZA-ARI, eða einhverja samsetningu af IPPON og WAZA-ARI, sem samantlagt

gefa SANBON (6 stig). Einnig er hægt að vinna eftir dómaraúrskurði (HANTAI), andstæðingur gefi viðureignina (KIKEN) eða við það að öðrum keppanda

sé refsað með HANSOKU (andstæðingurinn fær SANBON stig) eða SHIKKAKU (viðkomandi keppandi rekinn úr keppinni).



Ippon-No kachi



Waza-ari

2. IPPON jafngildir 2 WAZA-ARI.
3. IPPON skal dæmt sé eftirfarandi skil-

yrðum fullnægt: Þegar viðurkenndri árásartækni er beitt gegn viðurkenndu árásarsvæði með: Góðum stíl, réttu líkamstöðu, kraft, árvekni (ZANSHIN),



Yame

góðri tímasetningu og réttu fjarlægð.

4. IPPON skal einnig dæmt í eftirfarandi tilvikum jafnvel þó að einhverjum ofangreindra skilyrða sé ekki fullnægt.
 - a) Sé JODAN sparktækni notuð (spark í höfuð).
 - b) Verði keppandi fyrir árás í sama mund og hann ætlar sjálfur að gera árás.
 - c) Sé "blokkeringu" fylgt eftir með árás



Tsuzukete hajime

á óvarið bakið.

- d) Sé sveiflu eða kasti fylgt eftir með viðurkenndri árársar-tækni.
- e) Við samsetningu aðferða sem hver fyrir sig nægir til WAZA-ARI.



Varið

5. WAZA-ARI er gefið fyrir tækni sem jafngildir næstum IPPON. Dómarar eiga fyrst og fremst að sækjast eftir að gefa IPPON, en að öðrum kosti að gefa WAZA-ARI.
6. Sigur sem vinnst með HANSOKU- eða SHIKKAKU-refsingu andstæðingsins, jafngildir SANBON (3 IPPON). Sé keppandi fjarverandi eða hætti/gefi keppni (KIKEN), fær andstæðingur hans SANBON.
7. Eftirfarandi árársarvæði eru viðurkennd:
- | | |
|-------------------------------|-----------|
| a) Höfuð | b) Andlit |
| c) Háls | d) Kviður |
| e) Bringa | f) Siða |
| g) Bak (samt ekki herðarblöð) | |

8. Sé áhrifamikilli tækni beitt um leið og "blásið er til leiksloka", skal hún viðurkennd. Aftur á móti má aldrei dæma tækni eða aðferð gilda, hversu vel sem hún er framkvæmd eftir að YAME (dómari stöðvar viðureign) hefur verið dæmt. Beitanda getur aftur á móti verið refsað vegna athæfis síns.



Skrens

9. Tækni má aldrei viðurkenna séu báðir keppendur utan keppisvallar. En sé beitandi innan vallar og sé tæknin notuð áður en YAME er dæmt, skal hún viðurkennd til fulls.
10. Sé áhrifamiklum aðferðum beitt samtímis af báðum keppendum, dæmist AIUCHI þ.e. ekkert stig.

Atriði sem hafa áhrif á ákvörðun dómara:

1. Sigur, þar sem hvorugur keppenda fær SANBON, KIKEN, HANSOKU eða SHIKKAKU, grundvallast á eftirfarandi atriðum:
- | | |
|---|--|
| a) Hvort annar keppenda hafi fengið fleiri IPPON eða WAZA-ARI en andstæðingur hans. | |
| b) Líkamsstöðu, baráttuhug og styrkleika keppenda. | |
| c) Yfirburðum í bardagatækni og tilraunum til árása | |
2. Í þeim tilvikum þar sem hvorugur keppenda getur verið útnefndur sigurvegari vegna yfirburða í stigum, skal eftirfarandi gilda:
- | |
|--|
| a) Hafi hvorugur keppenda fengið stig við keppnislok, skulu úrslit fást með HANTEI (dómaraákvörðun). |
| b) Hafi báðir keppendur fengið jafnmörg stig við keppnislok skulu úrslit fást |

Of laust

með HANTEI.

- c) Hafi hvorugur keppenda við keppnislok sýnt neina yfirburði, skal jafntefli dæmt (HIKIWAKE) og keppni framlengd (ENCHO-SEN).
3. Áminningar og refsingar í viðureign fylgja keppanda til ENCHO-SEN.
4. Sigurlið telst það lið sem unnið hefur flestar viðureignir.
5. Hafi bæði lið unnið jafnmargar viðureignir, vinnur það lið sem fengið hefur flest stig þ.e. bæði í tap- og sigurviðureignum.
6. Hafi bæði liðin jafnmarga sigra og jafnmörg stig, þá er skorið úr um sigurlið með úrslitakeppni, þar sem "fulltrúar" hvors liðs keppa. Skyldi jafntefli einnig verða í þeirri viðureign, verður gripið til ENCHO-SEN þ.e. framlengingar þar sem sá keppandi sem fyrstur fær stig sigrar (sudden-death). Skyldi einnig verða jafntefli í framlenging-um, má skipta um "fulltrúa" þar til úrslit nást.
7. Við jafntefli í einstaklingskeppnum skal gripið til ENCHO-SEN. Ef jafntefli verður í ENCHO-SEN, kveða dómara upp úrskurð samkvæmt niðurstöðu meirihluta dómenda.



Fjarlægð




Ónálægt


Boð og bönn:

1. Eftirfarandi atriði eru bönnuð:

- a) Aðferðir sem snerta háls.
- b) Of krafmikil snerting með tilliti til árársarsvæðis. Stjórn á hreyfingum verður að vera góð. "Skintouch" má í vissum tilvikum dæma til stigs. Samt má aldrei gefa stig fyrir högg eða spark sem veldur meiðslum og skal beitanda refsað í sumum þeirra tilvika v e g n a
brests á líkamsstjórn. Meira umburðarlyndi skal haft þegar sparktækni er beitt, svo lengi sem hreyfingin er yfirveguð og veldur engum meiðslum.
- c) Árásir á kvið, liði og rist.
- d) Árásir á andlit með opinni hendi (NUKITE).
- e) Hættuleg köst, þ.e.a.s. köst þar sem andstæðingurinn gæti farið illa.
- f) Aðferðir sem ómögulegt er að stjórna nægilega vel, þ.e. sem stofna öryggi andstæðingsins í hættu.
- g) Endurteknað beinar árásir á handleggi og fætur.
- h) Endurtekinn "mottuflótti", þ.e. JOGAI. Með jogai er átt við stöðu þar sem fótur keppenda er jafnvel aðeins að hluta til utan keppnissvæðis. Einu undantekningarnar eru þegar keppanda er kastað eða hrint út af



Keikoku



Hansoku Chui

svæðinu. Ef "mottuflótti" á sér stað skal dómari stöðva viður-eignina sam-stundis, skipa keppendum að fara

í upphafs-stöður sínar og segja JOGAI við viðkomandi aðila og hefja viðureignina að nýju.

- i) Að griða í andstæðinginn, takast á við hann og stjaka við honum að öþörfu.
- j) MUBOBI. Með MUBOBI er átt við tilfelli þar sem annar eða báðir keppendur sýna greinilegan skort á umhugsun um eigið öryggi.
- k) Óvirðuleg, ókurteis hegðun til þess




Hansoku

að stofna til æsinga, eða öþörf tjáskipti. Keppanda, þjálfara eða öðrum fulltrúa liðs, sem verið hefur ókurteis í

ummælum eða athöfnum gagnvart dómurum, getur verið meinað áframhaldandi þátttaka og stundum öllu liðinu einnig.

- 1) Að þykjast vera meiddur eða ýkja meidsli sin til að hagnast á því.
2. Í sambandi við fyrrgreind atriði skal eftirfarandi gilda fyrir þjálfara. Hann á

að halda kyrru fyrir á sinum stað á meðan á viðureigninni stendur og má hvorki með orðum eða athöfnum valda því að truflun verður á viðureigninni eða hana verður að stöðva. Gerist það getur honum og keppanda hans verið refsað samkvæmt eftirfarandi "hegn-ingarlögum".



Shikkaku

Refsingar

1. Hverjum þeim keppanda sem brýtur reglur þessar skal vera veitt áminning eða refsað. Refsinguna veitir aðaldómari eftir reglubundið samráð við hina dómara.
2. Eftirfarandi "refsiskali" gildir:

ATENAI YONI
(áminning) er veitt fyrir smærri reglubrot og er stundum veitt fyrir fyrsta smávægilega reglubrotið.




Atenai-yoni

KEIKOKU er refsing þar sem andstæðingnum er veitt WAZA-ARI og er hún notuð við smærri brot sem áður hefur


verið veitt áminning fyrir, eða við brot sem ekki geta talist nógu alvarleg fyrir HANSOKU-CHUI.

HANSOKU-CHUI er refsing þar sem andstæðingnum er veitt IPPON og er notuð við alvarlegri brot eða við endurtekningar smærri brota sem áður hefur verið veitt KEIKOKU fyrir.



Jogai

HANSOKU er dæmt við sérstaklega gróft brot og hefur það í för með sér að andstæðingurinn fær SANBON. HANSOKU er einnig dæmt hafi keppandi áður fengið HANSOKU-




Torimassen

CHUI fyrir sama brot. SHIKKAKU hefur í för með sér brottvisun frá keppninni, hluta hennar eða sjálfri viðureigninni. Andstæðingur-

inn fær SANBON. Til þess að ákvæða hvornig brottvisunin eigi að gilda, á aðaldómari að kveða sér hljóðs. Sá hinn sami getur beint erindi þessu til dómara nefndar til frækari staðfestingar.

Kata

1. Taka skal tillit til eftirfarandi atriða við dóma og stigagjöf kata.



Hikiwake

- a) Keppandi verður að

hafa gert kata með fimi og sýnt greinilegan skilning á þeim atriðum og meginreglum sem eru í kata.

- b) Keppandinn verður að hafa sýnt: Réttta eftirtekt (CHAKUGAN), rétt beittan styrk, gott jafnvægi og réttta öndun.

- c) Tillit skal tekið til heildarframkomu keppandans.

2. Keppandinn dæmist úr leik ef hann stoppar í miðri kata eða breytir út af eða ef hann framkvæmir aðra kata en sagt var til um.
3. Stig eru reiknuð þannig: Hæðsta og lægsta einkuninarnar eru strikaðar út. Hinar þrjár eru lagðar saman og vinnu sá sem hefur flest stig. Séu hins vegar tveir jafnir vinnur sá sem hafði hærri lægstu einkunina og ef þær eru jafnar gildir hærri hæðsta einkunin. Ef enn er jafn keppa þeir aftur.

BLÓMAMÍÐSTÖÐIN HF.

Bættum lífið með blómum!

BLÓMAMÍÐSTÖÐIN HF.

Íslensk blóm

Styrktaraðilar

Karatesamband Íslands þakkar
eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning.

 <p>Hesthálsi 2-4 sími: 67 14 00</p>		<p>KOMATSU Kraftvélar hf Funahöfða 6 sími: 63 45 00</p>
<p>Fjölprent hf Þingholtsstræti 6 sími: 1 99 09</p>	<p>Kátir kokkar Veislueldhús Höfðatúni 2 sími: 62 19 75</p>	<p>Lýsi hf Grandavegi 42 sími: 2 87 77</p>
<p>Ísspor hf Auðbrekku 4 sími: 4 32 44</p>	<p>Tunglið Lækjargötu 2 sími: 62 22 23</p>	<p>Mamma Rósa Veitingasala Hamraborg 11 sími: 4 21 66</p>
		



**KARATESAMBAND
ÍSLANDS**

